

Ágætu fundarmenn.

Reykjavík er skipt í 10 megin svæði/hverfi og er Laugardalur eitt þeirra. Undirhverfi Laugardals ganga oftast undir nöfnum eins og: Tún, Teigar, Lækir, Laugarnes, Sund, Heimar, Langholt, Vogar, Skeifan og Fen.

Tilgangur þessara samtaka er að vera samstarfsvettvangur íbúa og félagasamtaka á félagssvæðinu, að vinna að framfara- og hagsmunamálum í hverfunum sem umlykja Laugardal, að stuðla að samhug innan svæðisins og að byggja upp samstarf við opinberar stofnanir sem hafa með málefni hverfisins að gera.

Samtökin hafa staðið fyrir ýmsum viðburðum fra stofnun s.s íbúamarkaði, málþingum, kynningarfundum á skipulagi, gönguferðum, spurningakeppni og valið tré mánaðarins. Hafa samtökin beitt sér fyrir byggingu á útilistaverkinu Guttormi og lagt sitt af mörkum varðandi skipulag Sundabrautarinnar svo eitthvað sé nefnt.

Samtökin eiga einn áheyrnarfulltrúa á fundum Hverfisráðs Laugardals, sem valið er pólitískt.

Rúmlega 15 þúsund manns tilheyra þessu svæði og væri ánægjulegt ef fleiri hefðu áhuga á að vera samtökunum innan handar á einn eða annan hátt.

Liðið starfsár var ánægjulegt fyrir þann sem þetta flytur. Hann kom nýr inní samtökin og hefur lært hægt og bitandi hvernig hverfisfélag starfar.

Ein er sú manneskja sem hefur reynst ómetanleg fyrir þessi samtök og er enn að. Ég vil þakka Kristínu Þorleifsdóttur sem hefur látið af störfum sem formaður, fyrir drifkraftinn sem mig sárvantar oft, fyrir að vera úrræðagóð og síðast en ekki síst fyrir að vera góður félagi okkar allra.

Stjórnin hélt fundi mánaðarlega frá hausti framá vor. Fundir hafa verið haldnir á sunnudagsmorgnum og hefur komið til tals að breyta fundartímanum. Það verður skoðað.

Bent hefur verið á að í lögum félagsins sé minnst á endurskoðendur til að fara yfir bækur félagsins. Ekki er það nauðsynlegt heldur er nægjanlegt að tilnefndir séu svo kallaðir skoðunarmenn. Verður tillaga um þetta lögð fram.

Einnig verður lögð fram tillaga að breyttu kjörtímabili. Mér þykir eðlilegra að uppgjörstími sé frá 1.janúar til 31 des. Flestar stofnanir gera það. Auk þess er oft betra að halda fundi á upphafsmánuðum nýs árs frekar en þessum árstíma. Þetta kann að vera mín sérvíska, sem helgast þá af fyrri störfum og reynslu.

Ég legg þessi tvö mál til breytinga á lögum til umhugsunar fyrir fundinn og næsta aðalfund.

Ég velti fyrir mér öðru hvoru, hvort eitthvað mætti betur fara? Það má jú örugglega vinna betur að málefnum hverfisins, en þessi samtök hafa sýnt að þau eru fær um að gera eitt og annað sem er til framfara fyrir Laugardalinn.

Stjórnin verður óbreytt fram að næsta aðalfundi. Ég þakka öllum stjórnarmönnum þeirra óeigingjarna framlag og samstarfið.

25.11.2010  
Sigurður Þórðarson  
Formaður.